FRÉTTABLAÐIÐ

174. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 29. JÚLÍ 2019

Strákarnir í BMX Brós komu fram á barna- og fjölskylduhátíðinni Kátt á Klambra í gær við mikinn fögnuð áhorfenda. Hátíðin fór fram í fjórða skipti á Klambratúni og lagði fjöldi fólks leið sína á túnið þrátt fyrir vætu í höfuðborginni. Boðið var upp á afþreyingu fyrir börn á öllum aldri þar sem allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Kátt á Klambra er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Sjálfstæðismenn tapa til Miðflokks

Rúmlega fimmtungur þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í alþingiskosningunum 2017 mundu nú kjósa Miðflokkinn. Formaður Sjálfstæðisflokksins segist ekki ánægður með að mælast undir kjörfylgi en þetta séu dæmigerðar sveiflur á miðju kjörtímabili.

STJÓRNMÁL „Inni á miðju kjörtímabili er almennt við því að búast að ríkisstjórnarflokkar gefi eitthvað eftir," segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærsti flokkurinn en 20,5 prósent þeirra sem taka afstöðu styðja flokkinn. Fylgi flokksins minnkar frá könnun sem var gerð í síðasta mánuði þegar það var 22,6 prósent.

„Hafandi sagt það þá er það alveg augljóst að við erum ekki ánægð með að sjá tölur sem eru undir síðustu kosninganiðurstöðum. Við teljum að við séum að vinna góða vinnu sem muni skila sér þegar upp er staðið," segir Bjarni.

Í könnuninni var einnig spurt hvað fólk hefði kosið í alþingiskosningunum 2017. Af þeim sem kusu Sjálfstæðisflokkinn þá styðja 69,5 prósent flokkinn nú. Hins vegar styður 21,1 prósent af þeim nú Miðflokkinn. „Ég hef séð kannanir fyrir ekki svo löngu þar sem margir sem áður kusu Miðflokkinn ætluðu að kjósa Sjálfstæðisflokkinn og öfugt. Þetta eru bara dæmigerðar sveiflur inni á miðju kjörtímabili."

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, segist telja að orkupakkamálið sé að hafa áhrif. „En kannski ekki bara út af því máli sjálfu heldur meira út af því að við viljum vera prinsippflokkur. Það sem ég vona er að menn séu að meta það við okkur að við séum flokkur sem stendur við sín prinsipp. Það birtist í orkupakkamálinu en mun gera það líka í fleiri málum."

– sar / sjá síðu 4

Sameinaðar og glaðar þó langt sé á milli

FÓTBOLTI Sameiginlegt lið KF og Njarðvíkur tók þátt í Rey Cup, sem er merkilegt fyrir þær sakir að KF er úr Fjallabyggð og eru 442 kílómetrar á milli staðanna samkvæmt vef Vegagerðarinnar.

Samstarfið kemur þannig til að liðin öttu kappi á Álftanesi í sjö manna bolta í júní og ákváðu – nánast í miðjum leik – að sameina krafta sína á Rey Cup sem lauk í gær. Liðið vann tvo leiki, gerði tvö jafntefli og tapaði þremur.

Með hjálp samfélagsmiðla kynntust stelpurnar í aðdraganda mótsins en gátu eðlilega ekki æft saman.

Nánar er fjallað um þessa einstöku sameiningu í íþróttafréttum dagsins. – bb / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um vonina. 9

SPORT Leikmenn hafa gengið kaupum og sölum þetta sumarið eins og venjan er. Ljóst er að sum munu heppnast en önnur ekki. 12

TÍMAMÓT Deila draumum, óskum og löngunum í lifandi listaverki. 14

MENNING Fígúrur Steinunnar á þaki Arnarhvols prýða miðbæinn og vekja verðskuldaða athygli. 18

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Austlæg átt 5-10 í dag. Líkur á skúrum sunnan- og vestanlands og möguleiki á þrumuveðri síðdegis. Annars skýjað með köflum og yfirleitt þurrt, en þokubakkar austan til á landinu og við Húnaflóa.
SJÁ SÍÐU 16

Lést í flugslysi

FLUGSLYS Maðurinn sem lést í flugslysi á Haukadalsflugvelli á laugardaginn hét Sigurvin Bjarnason. Hann var 64 ára og lætur eftir sig eiginkonu, þrjú uppkomin börn og fimm barnabörn.

Flugvél sem Sigurvin flaug hlekktist á í flugtaki á Haukadalsflugvelli á Rangárvöllum. Lögreglu á Suðurlandi barst tilkynning um slysið kl. 14.23 á laugardag og aðstoðuðu björgunarsveitir meðal annars á vettvangi. Flugmaðurinn var einn í vélinni og var úrskurðaður látinn á vettvangi.

Sigurvin Bjarnason.

Vettvangsrannsókn Rannsóknarnefndar samgönguslysa lauk seint aðfaranótt sunnudags.

„Það er mjög lítið að segja núna. Vettvangsrannsókn var lokið seint í nótt og flakið flutt í geymslu sem rannsóknarnefndin hefur," sagði Ragnar Guðmundsson, flugvélaverkfræðingur og rannsakandi á flugsviði Rannsóknarnefndar samgönguslysa, í gær.

Ragnar gat ekki sagt til um hversu langan tíma rannsóknin muni taka. Hann segir að það sem helst geti tafið rannsókn þessa slyss sé fjöldi flugslysa undanfarið sem séu til rannsóknar hjá nefndinni.

Síðastliðinn fimmtudag varð óhapp á sama stað þegar eins hreyfils flugvél hlekktist á í lendingu. Snerist vélin með þeim afleiðingum að henni hvolfdi. Flugmaðurinn, sem var einn í vélinni, slapp ómeiddur. **– la**

Einar ráðinn til Votlendissjóðs

UMHVERFISMÁL Einar Bárðarson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Votlendissjóðs. Einar hefur að undanförnu starfað við ferðaþjónustu og almannatengsl. Á árunum 2012-2015 var hann forstöðumaður Höfuðborgarstofu. Einar er með meistaragráðu í viðskiptum og stjórnun frá Háskóla Íslands.

Markmið Votlendissjóðs, sem var stofnaður á síðasta ári, er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda úr náttúru Íslands með endurheimt votlendis. Talið er að um tveir þriðju af allri losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis séu til komnir frá framræstu votlendi.

„Ég er stoltur yfir því trausti sem stjórn sjóðsins sýnir mér með því að fela mér þetta verkefni. Það er magnað að fá vettvang og erindi til þess að leggjast á árar með vísinda- og baráttufólki um allan heim í baráttunni gegn hlýnun jarðar," er haft eftir Einari í tilkynningu. **– sar**

Þoka á Straumnesfjalli

Það er heldur draugalegt um að litast við gömlu herstöðina á Straumnesfjalli í Aðalvík á Hornströndum. Bandaríkjaher starfrækti þarna ratsjárstöð á árunum 1957-1961 en nú er staðurinn helst viðkomustaður göngufólks sem notar meðal annars veg frá hernum. MYND/GARPUR I. ELÍSABETARSON

Segir dásamlegt að sjá líf færast í húsið á ný

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar segir skemmtilegt samfélag vera að myndast í St. Jósefsspítala sem hefur staðið auður frá 2011. Lífsgæðasetur mun taka þar til starfa í haust. Gert er ráð fyrir íbúðum í gömlu skólahúsi gegnt spítalanum.

HAFNARFJÖRÐUR „Það er að verða til þarna mjög sérstakt og skemmtilegt samfélag með tilkomu Lífsgæðaseturs. Það er dásamlegt að sjá líf færast aftur í húsið," segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, um nýtt hlutverk St. Jósefsspítala.

Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á spítalanum sem staðið hefur auður frá því að hann hætti rekstri 2011. Hafnarfjarðarbær eignaðist húsnæðið árið 2017 og var í framhaldinu ákveðið að þar yrði starfrækt Lífsgæðasetur en undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir frá því í byrjun síðasta árs.

„Það var auglýst eftir áhugasömum aðilum til að taka rými á leigu. Það hefur gengið mjög vel og færri sem komust að en vildu í fyrstu atrennu," segir Rósa.

Ákveðið var að vinna að endurbótunum í áföngum og byrja á einni hæð. „Fyrstu aðilarnir eru komnir þarna inn, þetta er að verða tilbúið. Í byrjun september er ætlunin að þessi fyrsti áfangi í uppgerð hússins verði tilbúinn og þá verði opnað með formlegum hætti."

Bæjarbúum gefist þá tækifæri til að skoða húsið sem þeim sé svo annt um og sjá hvernig til hafi tekist við endurbæturnar.

„Við gerðum líka nýverið samning við Leikfélag Hafnarfjarðar sem hefur verið á hrakhólum með húsnæði í mörg ár um að það fái tímabundin afnot af kapellunni. Þannig að það mun færast mikið líf og fjör í húsið en fyrst og fremst er verið að hefja það aftur til vegs og virðingar."

Þá auglýstu Ríkiskaup í síðustu viku húseignina Suðurgötu 44 til sölu. Húsið, sem áður hýsti meðal annars skóla St. Jósefssystra og læknastofur, stendur gegnt spítalanum. Samkvæmt breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að húsnæðinu verði breytt í íbúðarhús með allt að tólf íbúðum í því skyni að stuðla að þéttingu byggðar.

Unnið hefur verið að endurbótum á húsnæði St. Jósefsspítala að undanförnu og styttist í að Lífsgæðasetur hefji þar starfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rósa Guðbjartsdóttir.

„Íbúðir þarna hljóta að verða mjög spennandi kostur því þessi reitur er að gjörbreytast frá því að hafa verið sögufræg hús sem voru farin að drabbast niður í það að þarna byggist upp skemmtilegt samfélag og íbúðir alveg í miðbæ Hafnarfjarðar."

Samkvæmt auglýsingu er húsið nokkuð illa farið og þarfnast töluverðra lagfæringa. Húsið er alls um 885 fermetrar og er ásett verð 145 milljónir króna. Í úttekt sem Minjastofnun gerði á húsinu árið 2015 segir að það hafi gildi vegna menningarsögu og byggingarlistar. Var mælt með því að gert yrði við húsið og því fundið verðugt hlutverk. **sighvatur@frettabladid.is**

Samkvæmt skipulagi á að breyta gamla skólahúsinu í íbúðarhúsnæði.

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÍSLENSKASIA.IS/TOY92229 07/19

AYGO

KOMA SÚ

VERTU Í SAMBANDI MEÐ SNJALLARI AYGO

Verð frá: 1.960.000 kr.

AYGO státar af glæsilegu útliti og enn betra rými að innan og beinni tengingu við snjallsímann þinn svo að þú njótir ferðarinnar enn betur.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Aygo, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.
Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Miðflokkurinn upp fyrir VG og Pírata

Þrátt fyrir minnkandi fylgi er Sjálfstæðisflokkurinn enn stærsti flokkur landsins. Miðflokkurinn sækir í sig veðrið og er nú þriðji stærsti flokkurinn en Píratar missa fylgi frá því í síðasta mánuði. Framsókn og Viðreisn bæta lítillega við sig fylgi milli kannana.

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærsti flokkur landsins þrátt fyrir að fylgi hans dragist saman. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið. Flokkurinn mælist nú með 20,5 prósent en var með 22,6 prósent í könnun í síðasta mánuði og 25,3 prósent í kosningunum 2017.

Miðflokkurinn er sá flokkur sem bætir mestu við sig frá könnun síðasta mánaðar. Alls bætir flokkurinn við sig 3,6 prósentum og mælist nú með 13,4 prósent. Í kosningunum 2017 fékk flokkurinn 10,9 prósent.

Samfylkingin er næst stærsti flokkur landsins samkvæmt könnuninni með 14,4 prósenta fylgi sem er nánast það sama og flokkurinn mældist með í júní.

Píratar sem voru næst stærsti flokkurinn í júní með 15,2 prósent missa nokkurt fylgi og fá nú 12,3 prósent. Það er þó meira en flokkurinn fékk í síðustu kosningum þegar hann fékk 9,2 prósent.

Samkvæmt könnuninni myndu aðeins 52,6 prósent þeirra sem kusu Vinstri grænn 2017 kjósa flokkinn nú. Tæp 17 prósent þeirra sem kusu Vinstri grænn síðast styðja nú Pírata og 16 prósent Samfylkinguna. Flokkurinn mælist nú með 12,9 prósent.

Fylgi annarra flokka breytist minna en Viðreisn mælist nú með 10,6 prósent og bætir 0,7 prósentustigum við sig milli kannana. Þá bætir Framsóknarflokkurinn við sig 1,1 prósentustigi og er nú með 8,2 prósent.

Flokkur fólksins missir áfram fylgi og mælist nú með 3,2 prósent en fékk 4,3 prósent í júní. Aðrir flokkar fá 4,6 prósent og þar af fær Sósíalistaflokkurinn 2,7 prósent.

Stuðningur við flokka er í sumum tilvikum afar mismunandi þegar kemur að ólíkum aldurshópum. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur aðeins stuðnings 7,2 prósenta hjá yngsta aldurshópnum, sem er 18-24 ára. Í öðrum aldurshópum er stuðningur við flokkinn á bilinu 19,3 til 24,1 prósent.

Svipaða sögu er að segja af Miðflokknum. Stuðningur við hann er um 4-5 prósent í yngstu aldurshópunum en 21,5 prósent hjá 45-54 ára. Vinstri grænn, Píratar og Viðreisn njóta hins vegar mests stuðnings meðal yngstu kjósendanna. Rúm 22 prósent í yngsta aldurshópnum styðja Vinstri grænn og rúm 19 prósent Pírata. Fylgi Pírata er raunar svipað í aldurshópunum 25-34 ára og 35-44 ára en minnkar nokkuð hjá þeim sem eldri eru.

Fylgi Vinstri grænna í öðrum aldurshópum er á bilinu 9-14 prósent. Viðreisn mælist með 14 prósent hjá 25-34 ára en á bilinu 6-10 prósent hjá öðrum aldurshópum.

Könnunin var framkvæmd 24.-26. júlí síðastliðinn og var send á tvö þúsund einstaklinga í könnunarhóp Zenter rannsókna. Svarhlutfallið var 45 prósent en gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og bústu.

sighvatur@frettabladid.is

Miðflokkurinn hefur verið í sókn í könnunum að undanförnu og er nú þriðji stærsti flokkurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

13,4%

mælist fylgi Miðflokksins í könnuninni. Flokkurinn fékk 10,9 prósent í kosningunum 2017 en mældist með 9,8 prósent í síðasta mánuði.

Hvaða lista myndir þú kjósa ef kosið yrði nú?



	2017	27.jún	26.júl
Sjálfstæðisflokkur	25,3%	22,6%	20,5%
Samfylkingin	12,1%	14,1%	14,4%
Miðflokkurinn	10,9%	9,8%	13,4%
Vinstri grænn	16,9%	13,1%	12,9%
Píratar	9,2%	15,2%	12,3%
Viðreisn	6,7%	9,9%	10,6%
Framsóknarflokkur	10,7%	7,1%	8,2%
Flokkur fólksins	6,9%	4,3%	3,2%
Aðrir	1,5%	3,8%	4,6%

Ánægja með forystuna

Í könnuninni var einnig spurt um ánægju kjósenda með formann þess flokks sem það styður. Hægt var að gefa formönnunum einkunn á bilinu 1-5 þar sem 5 er hæsta einkunn.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, fékk hæstu meðaleinkunn meðal sinna stuðningsmanna eða 4,3. Raunar mælast allir formennirnir með 4 eða hærra.

Þau Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, eru bæði með 4,2 og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, er með 4,1.

Bæði Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, og Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, fengu 4,0. Marktækt meiri ánægja mældist hjá Sigmundi Davíð en Loga og Sigurði Inga.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, fékk einnig 4,0 en hafa ber í huga að fá svör voru þar að baki. Þar sem Píratar hafa ekki formann voru stuðningsmenn flokksins ekki spurðir þessarar spurningar.

Konur styðja VG en karlar Miðflokkinn

Aðeins reyndist marktækur munur á stuðningi kynjanna við tvo af flokkunum. Þannig styðja 17,8 prósent karla Miðflokkinn en aðeins 7,7 prósent kvenna. Dæmið snýst nánast alveg við hjá Vinstri grænum. Þar er stuðningur meðal kvenna 18,6 prósent en einungis 8,3 prósent meðal karla.

Vinstri grænn njóta mests stuðnings meðal kvenna ásamt Sjálfstæðisflokknum sem er með 18,7 prósenta fylgi hjá konum. Sjálfstæðisflokkurinn er einnig stærstur meðal karla með 21,9 prósenta fylgi en Miðflokkurinn kemur næstur.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

Jeep
THERE'S ONLY ONE

ÚRVAL ÚTSÝN

ICELANDAIR

EKKI LÁTA ÞÉR LEIÐAST, SKOÐAÐU

FRÁBÆRT ÚRVAL BORGARFERÐA!

VERÐ FRÁ 69.900,-

ALICANTE
HJARTA COSTA BLANCA

12. - 19. SEPTEMBER
Gullfalleg, gömul spænsk borg sem iðar af mannlífi og er með heillandi miðbæ.

VERÐ FRÁ **98.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GDANSK
AUGNAYNDI EYSTRASALTSINS

31. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER
Strönd, stórkostlegur matur, úrval heilsulinda, fjörugt næturlíf, söfn, leikhús og svo má lengi telja.

VERÐ FRÁ **114.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

BERLIN
KRAFTURINN Í BERLÍN

20. - 23. SEPTEMBER
Berlín er tilvalin fyrir þá sem vilja njóta alls hins besta í mat, drykk og menningu.

VERÐ FRÁ **69.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

DUBLIN
ÍRSKI SJARMINN

14. - 17. NÓVEMBER
Í Dublin finnur þú nóg af verslunum, góðum mat og sjarmerandi kaffihúsum eða krám.

VERÐ FRÁ **83.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

EPERNAY
HÖFUÐBORG KAMPAVÍNSINS

11. - 14. OKTÓBER
Epernay er heimili margra bestu kampavínsframleiðenda heims.

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

HELSINKI
ÁHRIF ÚR AUSTRI OG VESTRI

11. - 14. OKTÓBER
Finnar eru frægir fyrir framsækið menningarlíf, ekki síst arkitektúr, hönnun, tónlist, og sauna.

VERÐ FRÁ **77.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

INNIFALIÐ Í VERÐI ER GISTING, FLUG MEÐ ICELANDAIR, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA & HANDFARANGUR

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

Alexei Navalny var fluttur á sjúkrahús með ofnæmisviðbrögð í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Úr fangelsi á sjúkrahús

RÚSSLAND Rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalny, sem handtekinn var eftir að vera sakaður um að hafa skipulagt ólögleg mótmæli í Moskvu á laugardag, var fluttur á sjúkrahús vegna ofnæmisviðbragða í gær.

Navalny hlaut þrjátíu daga fangelsisdóm fyrir skipulagningu mótmæla í tengslum við kosningar sem fram fara í Rússlandi í september.

Yfir 1.000 manns voru handtekin á mótmælunum þar sem krafist var frjálsra kosninga í landinu. Boðað var til mótmælanna eftir að stjórnvöld neituðu bæði óflokksbundnum frambjóðendum og stjórnarandstæðingum að gefa kost á sér í kosningunum og sögðu þá óhæfa vegna þess að þeir hefðu ekki aflað nægilegs fjölda gildra undirskrifta fyrir framboð sitt. **– bdj**

Meghan Markle ásamt hundi þeirra hjóna. NORDICPHOTOS/GETTY

Bannað að klappa hundunum

BRETLAND Nágrönnum Harrys Bretaprins og Meghan Markle voru settar reglur um það hvernig skuli umgangast hjónin umhverfis heimili þeirra. Reglurnar voru settar fram á fundi íbúa sem búa á Windsor-eigninni og fólu meðal annars í sér bann við að klappa hundum hjónanna.

Íbúar staðarins starfa allir í hirð drottningar og segjast vita mæta vel hvernig umgangast skuli kóngafólk, en aðrar reglur á listanum settu bann við því að heilsa hjónunum að fyrra bragði, óska eftir því að sjá Archie son þeirra, bjóðast til þess að passa hann eða fara út með hundana.

Harry og Meghan segjast ekki hafa vitað af fundinum og að þau hafi ekkert með málið að gera heldur sé um reglur frá höllinni að ræða. **– bdj**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning** Það kostar ekkert.

Enn mótmælt í Hong Kong

Hjálmum var dreift til mótmælenda í Hong Kong í gær en vikuleg mótmæli hafa verið á götum ríkisins frá því 9. júní þar sem umdeildu framsalsfrumvarpi er mótmælt. Leiðtogi Hong Kong, Carrie Lam, hefur beðist afsökunar á frumvarpinu og sagt það „dautt“ en þrátt fyrir orð hennar hefur fjöldi fólks haldið mótmælunum áfram og farið fram á afsögn Lam, ásamt því að hún afturkalli frumvarpið. NORDICPHOTOS/GETTY

Róhingjar snúa ekki heim fái þeir ekki viðurkenningu

Róhingjar sem hafast við í flóttamannabúðum í Cox Bazar í Bangladess neita að snúa aftur til Mjanmar fái þeir ekki viðurkenningu sem þjóðernishópur í heimalandi sínu. Enn eru rúmlega 730.000 Róhingjar í búðunum þar sem ofbeldi er daglegt brauð og erfitt er að sinna þörfum þeirra sem þar dvelja.

BANGLADESS Embættismenn frá Mjanmar heimsóttu um helgina flóttamannabúðir í borginni Cox Bazar í Bangladess þar sem um 730.000 Róhingjar hafa verið á flótta frá árinu 2017. Tilgangur heimsóknarinnar var að hefja flutning flóttamannanna aftur til Mjanmar.

Þetta er í annað sinn sem mjanmarskir embættismenn heimsækja flóttamannabúðirnar en í október síðastliðnum höfnuðu leiðtogar Róhingja tilboði sendinefndar Mjanmar um að snúa aftur til landsins.

Róhingjar flúðu ofsóknir og ofbeldi í heimalandinu Mjanmar árið 2017 og hefur hátt í milljón Róhingja gist flóttamannabúðirnar í Cox Bazar síðan. Búðirnar eru með þeim stærstu í heiminum og erfitt er að sjá fyrir þörfum þess fjölda sem þar dvelur ásamt því að ofbeldi og glæpir eiga sér þar stað daglega.

Ríkjandi hugmyndafræði í Mjanmar er sú að þar skuli einungis iðkuð búddatrú en meiri hluti Róhingja eru múslimar. Aðgerðir hersins gagnvart þeim voru ofbeldisfullar og hafa æðstu ráðamenn landsins verið sakaðir um þjóðarmorð, glæpi gegn mannkyninu og stríðsglæpi. Róhingjar voru ekki viðurkenndir sem þjóðernishópur í landinu og fengu ekki ríkisborgararétt.

Sendinefnd Mjanmar, með utanríkisráðherrann Myinth Thu í fararbroddi, ræddi á laugardag og sunnudag við þrjátíu og fimm leiðtoga Róhingja í flóttamannabúðunum um aðgerðir til að Róhingjar gætu snúið aftur til Mjanmar.

Mikill fjöldi Róhingja hefst við í flóttamannabúðunum í Cox Bazar, en talið er að um 730.000 manns búi í búðunum. Þrátt fyrir ofbeldi og glæpi reynir fólkið að lifa eðlilegu lífi líkt og að fara á markaðinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Niðurstöður viðræðnanna voru þær að Róhingjar hyggjast ekki snúa aftur til Mjanmar verði þeir ekki viðurkenndir sem þjóðernishópur í landinu og hljóti þar ríkisborgararétt.

Dil Mohammed, einn þeirra sem þátt tóku í viðræðunum fyrir hönd Róhingja, sagði í samtali við Reuters að enginn myndi snúa til baka nema kröfum um réttlæti og alþjóðlega vernd væri sinnt.

„Við sögðum þeim að við myndum ekki snúa aftur nema við yrðum viðurkennd sem Róhingjar í Mjanmar,“ sagði Mohammed.

„Við viljum ríkisborgararétt, við viljum öll réttindi okkar. Við treystum þeim ekki. Við munum ekki snúa aftur nema alþjóðleg vernd sé til staðar,“ sagði hann og bætti við að Róhingjar vilji snúa aftur til síns lands en ekki enda í búðum hinum megin við landamærin.

Róhingjar eru ekki þeir einu sem eru áhyggjufullir yfir því sem bíður þeirra í Mjanmar snúi þeir til baka en flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna og aðrar hjálparstofnanir óttast einnig um öryggi þeirra.

„Við erum tilbúin að hefja brottflutning héðan hvenær sem er. Það er undir Mjanmar komið að búa til stuðningsumhverfi sem gerir Róhingjum kleift að snúa aftur til heimalandsins,“ sagði Abul Kalam sem fer fyrir flóttamannahjálp í Bangladess.

birnadrofn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kátt á Klambra

Gleðin var við völd á barna- og fjölskylduhátíðinni Kátt á Klambra sem haldin var fjórða árið í röð á Klambratúni í Reykjavík. Dagskráin var sett saman með það í huga að börn á öllum aldri gætu tekið þátt og var meðal annars boðið upp á tónlistaratriði, þrautabraut, andlitsmálun og húllahopp. Allt gekk vel að sögn skipuleggjenda og fjöldi fólks lagði leið sína á hátíðina þrátt fyrir rigningu og vætu.

HONDA

MEIRA **ÖRYGGI**

MEIRA RÝMI

JAZZ

SÉRVALDIR BÍLAR
Á TILBOÐSVERÐI

Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

Forgangsröðun

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Heilbrigðisþjónusta varðar það sem mestu skiptir, hamingju og lífsgæði fólks. Flest erum við sammála um að nýta sameiginlega sjóði til að tryggja örugga og hagkvæma heilbrigðisþjónustu aðgengilega öllum landsmönnum.

En þetta kostar sitt. Nýir möguleikar til greiningar og meðferðar sjúkdóma kalla á æ meiri kostnað. Næstu áratugi aukast áskoranirnar enn með meiri öldrun þjóðarinnar og lægri fæðingartíðni.

Þar sem fjármagn er af skornum skammti verður stóra málið forgangsröðun fjármuna og hagkvæmasta nýting þeirra.

Sú heilbrigðisstefna til ársins 2030 sem Alþingi samþykkti nú í sumar fjallar um skipulag, verkaskiptingu og ábyrgð innan heilbrigðiskerfisins í þágu betri þjónustu við sjúklinga. Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við þá ofurtrú ráðherrans að ríkisvaldið eitt eigi að sinna heilbrigðismálum. Gagnrýnt var að lítið samráð væri haft við hryggjarstykkið í íslenskri heilbrigðisþjónustu, það er alla þá sem standa utan ríkisrekinna stofnana.

Kröfunni um fyrsta flokks þjónustu við sjúklinga með hagkvæmni að leiðarljósi verður best svarað með því að hvetja til samkeppni í heilbrigðisþjónustu. Þannig nýtast fjármunir skattgreiðenda best. Þróa þarf áfram sérhæfða sjúkrahúsþjónustu á vegum annarra en hins opinbera með greiðsluþátttöku ríkisvaldsins á sömu forsendum og þjónusta hins opinbera. Þannig kaupi ríkið fyrir fram skilgreinda þjónustu en nýti samkeppni og fjölbreytt rekstrarform til að ná fram hagræðingu, aukinni hagkvæmni og gæðum.

Heilbrigðisráðherra ritaði nýlega grein um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu. Þar sagði hún kröfur um forgangsröðun aukast og mikilvægt sé að byggt sé á skýrum viðmiðum og siðferðilegum gildum sem sátt ríki um. Undir þetta skal tekið. Þessi forgangsröðun er eitt af erfiðari viðfangsefnum stjórnmála komandi ára.

Það var því eftir því tekið þegar Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítalanum, ritaði nýlega grein þar sem hann rifjar upp fyrri stefnumörkun og litlar efndir. Dæmi þar um er skýrsla um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu frá árinu 1998 sem unnin var af þingmönnum allra flokka, þverfaglegum hópi heilbrigðisstarfsmanna og siðfræðingum frá Háskóla Íslands. Eftir samþykkt Alþingis hefur ríkt grafarþögn.

Sama gildir um ýmis fyrri verk, svo sem heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og 2020, ásamt stefnumótun í málefnum aldraðra. Stefnum er ekki fylgt. „Hefur einu gilt hvort áraði vel eða illa í þjóðarbúskapnum. Nú hefur verið birt heilbrigðisstefna til ársins 2030. Höfum við tryggingu fyrir því að þeirri heilbrigðisstefnu eða nýrri stefnumótun um forgangsröðun verði fylgt, fremur en fyrr?“ spyr Pálmi.

Prófessorinn hvetur til þess að opinber stjórnsýsla, sem hafi vaxið fiskur um hrygg, skoði árangur fyrri stefnumótunarvinnu á sviði heilbrigðisþjónustu. Hvað hafi gengið eftir og hvað ekki og koma með tillögur með áherslu á ábyrga eftirfylgd. – Er það ekki skynsamlegt áður en lengra er haldið?

Stóra málið er forgangsröðun fjármuna og hagkvæmasta nýting þeirra.

Halldór

Frá degi til dags

Horft til Guðna

Miðflokksmaðurinn Ólafur Ísleifsson vill að Guðni Th. Jóhannesson forseti lýðveldisins komi andstæðingum þriðja orkupakkans til hjálpar og vísi málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Segir Ólafur engu máli skipta þótt ekki sé um lagafrumvarp að ræða. Hér sé ekki nein venjuleg þingsályktunartillaga á ferðinni. Ólafur virðist því hafa gefið upp alla von um að meirihluta þingheims hafi snúist hugur í málinu í sumarmollunni og gengur út frá samþykkt málsins. Það liggur fyrir að stór hluti þjóðarinnar er mótfallinn samþykkt þriðja orkupakkans. Þar á meðal eru ýmsir andstæðingar afar heitir í trúnni og líklegir til alls. Því er ekki ólíklegt að forsetinn verði beittur nokkrum þrýstingi til þess að þjóðin fá aðkomu að málinu.

Völundarhús

Guðni hefur hingað til setið á friðarstóli og nýtur gríðarlegra vinsælda. Þannig mældist hann með 83 prósent traust í könnun í vor á meðan 18 prósent sögðust treysta Alþingi. Það verður fróðlegt að sjá hvernig spilast úr þessu. Hvort Guðni þurfi í fyrsta sinn að taka óvinsæla ákvörðun og eignast um leið óvinahóp. Sem betur fer er forsetinn nokkuð vel að sér í fræðunum og hefur skrifað heila bók um völundarhús valdsins á Bessastöðum.

sighvatur@frettabladid.is

Fyrr og síðar



Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra

Gildi sagnaritunar Íslendinga fyrir menningarheiminn í löndum austan hafs og vestan varð mér æ ljósara í ævistarfi mínu í utanríkisþjónustunni. Nærtækastur er Noregur. Án Snorra væri engin heildarmynd til af nokkurra alda tímabili norskrar sögu. Sagan af víkingaöldinni er ávallt til reiðu ef Íslendingar kunna með þá auðlegð að fara og flytja öðrum þjóðum. Íslandskynningin í Bandaríkjunum og Kanada í tilefni 1000 ára afmælis landafundar Leifs Eiríkssonar var hin mesta sigurför tengd siglingu víkingaskipsins Íslendings um hafnir Nýfundnalands, Nova Scotia og austurstrandar Bandaríkjanna til New York. Var athygli allra fjölmiðla hvarvetna miklu meiri en dæmi eru um slíka viðburði á Íslands vegum.

Háskólasamfélög í Evrópu og Ameríku hafa lengi haft í sínu liði sérfræðinga á sviði íslenskra fræða. Við marga úr þeim hópi mikilla Íslandsvina hafði ég í Frakklandi, Bretlandi, Noregi og Bandaríkjunum afar gagnleg og ánægjuleg samskipti og ber að þakka. Eftir þá og forvera þeirra liggur ótrúlegur forði ritverka og þýðinga úr íslenskum fræðum, sem komið hafa samfara kennslustörfum og einnig ná til nemenda frá Asíulöndum

Það verður að telja fráleitt, að á öld rappsins hættum við að rækja hlutverk okkar sem Íslendinga við varðveislu tungunnar og þeirra fjársjóða sem hún geymir. Eitthvað slíkt hefur verið fyrir hendi mína lífstíð: dönskuslettur áður, enskan og Hollywood-bylgjan með stríðinu og lengi á eftir eða þá fyrirferð erlendra sjónvarpsstöðva síðan. En íslensk fjölmiðlun dafnar og við eigum öflugt menntakerfi. Við risum upp úr Hruninu með fullgerða Hörpu til eflingar menningu þjóðfélagsins.

Við eigum rétt til þátttöku, svo sem sérstaða krefst, í samfélagi Evrópuþjóða. Sá ótvíræði réttur er reistur á menningu þjóðarinnar, sem er hinn norðlægi burðarás í grunni Evrópu. Hann sköpuðu Íslendingar og varðveittu til eignar og útbreiðslu. Dagrenning sögu hins norræna kynstofns er skráð í Reykholti.

Við eigum rétt til þátttöku, svo sem sérstaða krefst, í samfélagi Evrópuþjóða.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Davið Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Von

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Ég bý við fjölfarna útivistargötu. Fólk hleypur framhjá húsinu ótt og títt og hjólar í stríðum straumum. Ef ég sæi aðeins þennan hluta heimsins og færi aldrei neitt annað, yrði ákaflega rökrétt af mér að álykta að allt fólk væri almennt alla daga klætt í sokkabuxur, þrönga litríka boli og gul vesti. Þegar ég sit á svölunum heyri ég örsögur. Útivistarfólk talar hátt saman. Ég næ yfirleitt að heyra tvær til þrjár setningar úr samtölum hlaupafólks. Skokkhraðinn býður ekki upp á meira. Frá hjólafólki næ ég ekki nema einni setningu, eða hluta úr setningu, eins og t.d.: „Já, rosalegt þarna á fundinum um daginn maður …“ og svo er fólkið þotið hjá. Ég skemmti mér við að ímynda mér restina, samhengið, sögurnar. Lífið.

Mér finnst þetta fallegt. Stundum slæst ég í hópinn og smeygi mér í hlaupafötin og tek sprett meðfram sjónum með vinum. Fátt lætur manni líða betur en stundaráreynsla í brakandi fersku lofti. Það sem ég hugsa stundum, þegar ég sé allt þetta fólk á degi hverjum hlaupa, hjóla, ganga — að huga að heilbrigði sínu — er þetta: Svona gerast byltingar. Svona breytast þjóðfélög. Fólk ákveður. Fólk gerir.

Í gamla daga

Í huganum er fortíðin þannig, að aðeins Árni Bergmann hjólaði í Reykjavík. Og Siggi P. var hlauparinn. Vann allar keppnir. Pétur Blöndal heitinn, alþingismaður, mun víst hafa skokkað líka. Byrjaði á því í Þýskalandi. Göslaðist svo hér um í slyddunni um árabil. Þetta þótti auðvitað undarlegt fólk. Ólafur Ragnar mun víst hafa hlaupið Neshringinn.

Vitneskjan um að hreyfing gerði fólki gott varð smám saman útbreiddari. Hún var ekki sérstaklega viðurkennd eða í hávegum höfð þegar ég var í menntaskóla fyrir 27 árum. Líklega hef ég aldrei verið í jafnvondu formi og þá. Ég gat ekki hlaupið frá Iðnó að Skothúsvegi án þess að lenda í andnauð. Fékk sjóntruflanir og lá við yfirliði. Við tuttuguogfimm ára aldur fór ég í ógleymanlega heimsókn til heimilislæknisins. Ég hélt ég væri með gallað hjarta, sem gæfi sig á hverri stundu. Sár verkur í brjóstholinu ágerðist eftir því sem ég gekk meira. Ég hafði miklar áhyggjur. Læknirinn horfði yfir gleraugun sín og muldraði með brosvipru út í annað: „Þetta, Guðmundur minn, er hlaupastingur.“

Því samtali var þar með lokið. Mig skorti orð. Skömmu síðar hóf ég að hreyfa mig meira. Síðan hef ég semsagt áttað mig á því, sitjandi á svölunum, að á undanförnum áratugum hafa sífellt fleiri farið að hreyfa sig líka. Hreyfingarvakning mín hefur reynst vera í nokkuð góðu samræmi við einhvers konar hæga en markvissa sprengingu í hreyfingu almennt. Um allar koppagrundir hefur fólk gert sömu uppgötvunina, orðið fyrir sömu vitruninni: Maður verður að hugsa vel um sig. Maður verður að standa upp úr sófanum. Vellíðan manns er undir manni sjálfum komin.

Ef eitthvað mun bjarga jörðinni frá ofhitnun og mannkyni frá glötun væri það svona ámóta vakning massans. Að fjöldinn taki völdin. Ef eitthvað aftrar brjáluðum stjórnmálamönnum frá því að æða með veröldina út í átök og glapræði er það sá hinn sami upplýsti massi. Allt ber að sama brunni. Stærsta vonin í viðsjárverðum heimi er þessi: Fólk.

Önnur framtíð

Gamla djammhunda sé ég núna sigra þolraunir, í betra formi á fimmtugsaldri heldur en þeir voru nokkurn tímann í á Kaffibarnum. Ásókn í alls kyns keppnir eykst ár frá ári. Fólk heldur til útlanda í alls kyns útivistarferðir. Fólk gerist Landvættir. Golfvellir eru smekkfullir af fólki. Sundlaugarnar líka. Áttatíu ára gamalt fólk hleypur maraþon. Gönguhópar þræða hálendið. Afar stunda crossfit með barnabörnum sínum.

Ekki er hægt að benda á neinn einn og segja að sá eða sú hafi byrjað þetta. Ekki er heldur hægt að finna einn atburð sem halda mætti fram að hefði hafið þessa byltingu. Engin fyrirmæli voru heldur gefin. Engin lög sett. Heilsuvakningin, útivistarbyltingin, er dæmi um seigfljótandi en markvissa ákvörðun massans. Hún er dæmi um það hvernig frjálst mannlíf með aðgang að upplýsingum getur þróast í áttir sem enginn gat nokkurn tímann spáð fyrir eða vonað. Gamla framtíðarmyndin Blade Runner gerist 2019. Hún lýsir ágætlega þeirri framtíð sem fólk þá bjóst við. Í henni er enginn að hlaupa Reykjavíkurmaraþon eða hjóla meðfram sjó, ótilneyddur, í sokkabuxum og gulu vesti.

Sjálfsagt fer þetta allt saman í taugarnar á einhverjum. Það er allt í lagi. Stundum fær maður alveg nóg af færslum á Facebook af afrekunum. Getur þetta fólk ekki slakað á? Fara allir Íslendingar á Öræfajökul á hverju ári nema ég? Smá alvörulaust nöldur manns og annarra bliknar þó hjá hinu: Í þessari þróun felst gríðarleg von, líklega sú stærsta sem hægt er að binda sig við á þessum miklu örlagatímum sem við nú lifum. Ef eitthvað mun bjarga jörðinni frá ofhitnun og mannkyni frá glötun væri það svona ámóta vakning massans. Að fjöldinn taki völdin. Ef eitthvað aftrar brjáluðum stjórnmálamönnum frá því að æða með veröldina út í átök og glapræði er það sá hinn sami upplýsti massi. Allt ber að sama brunni. Stærsta vonin í viðsjárverðum heimi er þessi:

Fólk.

Lið KF/Njarðvíkur samankomið fyrir leik á Rey Cup. Stelpurnar þekktust ekkert fyrir mótið, tóku enga æfingu fyrir það en unnu tvo leiki og skemmtu sér konunglega. Þær ætla sér að mæta að ári.

Mótherjar urðu samherjar á Rey Cup þrátt fyrir 450 kílómetra á milli liða

Lið KF/Njarðvíkur vakti athygli á Rey Cup mótinu enda ekki mjög algengt að lið með um 450 kílómetra á milli sameinist. Báðir flokkar eru fámennir og því var ákveðið að sameinast og þótt þær þekktust sama sem ekkert þá var gleðin við völd.

FÓTBOLTI „Þær höfðu eðlilega aldrei spilað saman og aldrei spilað 11 manna bolta. Við vissum því ekki alveg út í hvað við vorum að fara en þetta gekk vonum framar og stelpurnar stóðu sig ótrúlega vel," segir Björk Óladóttir, leikskólakennari á Ólafsfirði, en hún á dóttur sem spilaði með liði KF/Njarðvíkur á Rey Cup mótinu sem lauk í gær.

KF stendur fyrir Knattspyrnufélag Fjallabyggðar sem er sveitarfélag nyrst á Tröllaskaganum. Sveitarfélagið varð til 11. júní 2006 við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar. Njarðvík er á Reykjanesi og eru 442 kílómetrar á milli samkvæmt vef Vegagerðarinnar.

Algengara er að lið sameinist þar sem styttra er á milli enda segir Björk að liðið hafi vakið verðskuldaða athygli. „Þetta var skemmtilegt samstarf og margir á mótinu voru að koma til okkar og spá hvernig þetta kæmi til enda erum við nánast á sitthvorum endanum á landinu. Þegar við vorum að kveðjast þá fórum við að spá í hvort við ættum ekki að taka eins og eina æfingu fyrir næsta ár, einhvers staðar mitt á milli – kannski á Blönduósi," segir hún og hlær.

Rey Cup

95 lið
11 erlend lið
1350 leikmenn, stelpur og strákar
210 þjálfarar og liðsstjórar
9 vellir
3732 morgunverðarskammtar

Aldursbil þátttakenda á Rey Cup er 13-16 ára og er þetta langstærsta knattspyrnumót landsins fyrir þennan aldurshóp, þar sem um eða yfir 1.400 unglingar koma saman, spila fótbolta og skemmta sér frá miðvikudegi til sunnudags.

Samstarfið kemur þannig til að liðin öttu kappi á Álftanesi í sjö manna bolta. Stelpurnar úr Fjallabyggð höfðu verið að nefna að þær langaði að fara á Rey Cup en ættu ekki í lið því þær næðu ekki í lið á stóran völl. Björk og önnur mamma úr liðinu fóru því í að kanna stemninguna hjá öðrum fámennum liðum. „Okkur leist svo helvíti vel á foreldrana í Njarðvík," segir hún og hlær. „Við sáum að þetta var flottur hópur og við fórum, tvær mömmur, og spjölluðum við Njarðvíkurforeldrana og spurðum hvort það væri áhugi á að vera með okkur á Rey Cup. Það var ákveðið að ræða þetta við þjálfarana og það voru bara allir til þannig að það var ákveðið að slá saman og vera með lið. Okkar stelpur langaði að vera með og það var ákveðið að bjarga því."

Hún segir að með hjálp samfélagsmiðla hafi stelpurnar náð að kynnast aðeins í aðdraganda mótsins enda var engin önnur leið til að kynnast. Liðin æfðu sitt hvorum megin á landinu og mættu svo til Reykjavíkur þar sem hópurinn gisti saman í skólastofu líkt og önnur lið. „Við smullum vel saman, bæði foreldrar og stelpurnar. Þær voru búnar að grafa hver aðra upp á Snapchat og voru búnar að mynda Snapchat-hóp rétt fyrir mót. Þær voru því aðeins farnar að þekkja nöfnin hver á annarri en ekkert mikið meira en það."

> **Þær voru búnar að grafa hver aðra upp á Snapchat og voru búnar að mynda Snapchat-hóp rétt fyrir mót. Þær voru því aðeins farnar að þekkja nöfnin hver á annarri.**
>
> Björk Óladóttir

Hún segir að stúlkurnar hafi verið mjög sáttar og glaðar að hafa farið á mótið en þær unnu tvo leiki, gerðu tvö jafntefli og töpuðu þremur leikjum. „Þeim fannst þetta stórkostleg upplifun og mjög skemmtilegt mót að spila á. Þær tala um að vera saman aftur á næsta ári.

Samstarfinu er ekki lokið – ég er viss um það. Það eru allar nema ein á yngra árinu í fjórða flokki þannig að það lítur út fyrir að við komum saman aftur," segir hún en stúlkurnar spiluðu í bláu KF-búningunum en voru með Njarðvíkurbuff annaðhvort á hendinni eða hausnum til að fá hinn afgerandi græna lit Njarðvíkur. „Daníel, þjálfari Njarðvíkur, var með stelpurnar og á allt hrós skilið. Hann var algjörlega frábær.

Við erum að fara hittast aftur í ágúst þegar það verður sjö manna mót haldið fyrir norðan og þá verða þær mótherjar á Ólafsfirði. Það verður trúlega mjög erfitt og skrýtið en fyrst og fremst skemmtilegt," segir Björk kát en þreytt eftir frumraun sína á Rey Cup.

Benediktboas@frettabladid.is

FERÐALAGA-DAGAR Í REKSTRARLANDI

Við blásum til Ferðalaga-daga í Rekstrarlandi og bjóðum fjölmargar gæðavörur sem henta í ferðalagið eða sumarfríið á **20–40% afslætti**, fram að verslunarmannahelgi.

KOSANGAS FERÐAGASELDAVÉL

TILBOÐSVERÐ
4.893 KR.

VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
PRO 3400B

TILBOÐSVERÐ
71.175 KR.

VERÐ ÁÐUR 94.900 KR.

ELKA SJÓSTAKKUR / BUXUR

TILBOÐSVERÐ
sjóstakkur **7.612 KR.**
sjóbuxur **7.031 KR.**

VERÐ ÁÐUR 10.149/9.375 KR.

XTM ZIP NECK OG CREW NECK BOLIR
Stærð: S–2XL,kk og kvk

TILBOÐSVERÐ
7.343 KR.

VERÐ ÁÐUR 10.490 KR.

XTM BUXUR KK OG KVK
Stærð: S–2XL

TILBOÐSVERÐ
6.923 KR.

VERÐ ÁÐUR 9.890 KR.

NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLA
C.100.7-5 EU

TILBOÐSVERÐ
12.600 KR.

VERÐ ÁÐUR 16.800 KR.

EVANS HREINSIEFNI
Mikið úrval

40% AFSLÁTTUR

BAMBO NATURE BLEIUR
Nr. 4 stór pakki

TILBOÐSVERÐ
1.613 KR.

VERÐ ÁÐUR 2.150 KR.

TANA HREINSIEFNI
Mikið úrval

25% AFSLÁTTUR

EINNOTA TRÉHNÍFAPÖR
100 stk. í pakka

TILBOÐSVERÐ
517 KR.

VERÐ ÁÐUR 689 KR.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | **rekstrarland.is**

REKSTRARLAND

Furðukaup og flopp

Leikmenn hafa gengið kaupum og sölum þetta sumarið eins og venjan er. Ljóst er að sum munu heppnast en önnur ekki eins og sagan hefur sýnt. Fréttablaðið tók saman nokkur félagaskipti sem fá jafnvel reyndustu og fróðustu sérfræðinga til að klóra sér í kollinum.

Barcelona

Börsungar eiga ótrúlega mörg vond félagaskipti undanfarin ár. Úkraínumaðurinn Dmytro Chyhrynskyi kostaði ógurlega upphæð en spilaði aðeins 14 leiki með félaginu. Þá ákvað félagið að rífa upp veskið fyrir Paulinho frá Kína, fá Kevin-Prince Boateng að láni, kaupa Alex Song frá Arsenal og svona mætti lengi telja. Brasilíska undrabarnið Keirrison toppar þó trúlega listann. Hann kostaði 14 milljónir evra en spilaði aldrei leik fyrir félagið. Var aldrei nálægt því og flestir eru sammála um að þarna hafi nokkrir milljarðar farið í vaskinn.

Jo

Vissulega voru þetta kaup sem flestir skildu en mánuði eftir að hann kom var City keypt af forríkum olíuköllum og fór að spila einhvern annan leik. Út með hið gamla og inn með hið nýja. Jo var hluti af því gamla og 16 milljónir punda fóru í vaskinn. Hann spilaði 21 leik með félaginu og skoraði eitt mark.

Robbie Keane

Það hljómar svolítið klikkað að Inter hafi keypt 19 ára Íra frá Coventry á fáránlega upphæð. Marcello Lippi stýrði Inter og vildi ólmur fá kauða. En, eins og svo oft áður þá var Lippi rekinn og nýi stjórinn vildi ekkert með Keane hafa. Hann var því lánaður til Leeds nokkrum mánuðum síðar eftir sex leiki í Seriu A.

Winston Bogarde

Vissulega kostaði hann ekki mikið þegar hann kom til Chelsea frá Barcelona en hann fékk 40 þúsund pund á viku, um sjö milljónir króna. Hann spilaði 12 leiki með félaginu og var látinn æfa með unglingaliðinu. Chelsea vildi ekkert gera með Bogarde en honum var sama. Hann fékk sínar milljónir í hverri viku og hló alla leið í bankann öll sín fjögur samningsbundnu ár, með um 1,2 milljarða króna.

Massimo Taibi

Það var alltaf erfitt að reyna að feta í fótspor Peters Schmeichel sem hafði farið til Portúgals eftir að hafa unnið þrennuna. En fjórir leikir er ekkert sérstakt. Hann varð maður leiksins gegn Liverpool í sínum fyrsta leik en mistök hans gerðu Liverpool kleift að skora eitt mark. Næsti leikur var við Chelsea þar sem United tapaði 5:0. Þriðji leikurinn var svo frægur leikur gegn Southampton þar sem hann var kallaður Blindi Feneyingurinn af einu dagblaði. Fjórði leikurinn var svo steindautt 0:0 jafntefli. En Ferguson var búinn að sjá nóg og sendi hann aftur til Ítalíu. Milljón pund á leik er helvíti dýrt – jafnvel fyrir Manchester United.



Real Madrid

Hér þyrfti nánast heilt blað til að fara í gegnum félagaskiptaflopp félagsins. Nicolas Anelka kom 2009 en stoppaði aðeins eitt tímabil og var bannaður í 45 daga fyrir að neita að æfa. Royston Drenthe, Michael Essien, lánssamningurinn við Julien Faubert en fáir toppa Elvir Baljic sem kostaði 26 milljónir punda 1999. Það er gríðarleg upphæð – jafnvel í dag og hann var dýrasti leikmaður Balkanskagans til ársins 2011 þegar Edin Dzeko hirti nafnbótina af honum. Baljic var þrjú ár hjá Real, spilaði 11 leiki, þar af þrjá í byrjunarliðinu og skoraði eitt mark.

Aðrir góðir flopparar

- **Carlos Tevez**
  Boca Juniors - Shanghai Shenhua
- **Christian Benteke**
  Aston Villa - Liverpool
- **Andriy Shevchenko**
  AC Milan - Chelsea
- **Gaizka Mendieta**
  Valencia - Lazio
- **Asier Illarramendi**
  Real Sociedad - Rel Madrid
- **Afonso Alves**
  Heerenveen – Middlesbrough
- **Dani Osvaldo**
  Roma – Southampton
- **Allir sem komu til Fulham í fyrra**
- **Roberto Soldado**
  Valencia – Tottenham
- **Alberto Aquilani**
  Roma – Liverpool

Juventus

Það eru tíu ár síðan Juventus endaði í sjöunda sæti í Seriu A, komst ekki upp úr riðlinum í Meistaradeildinni og Fulham vann liðið í Evrópudeildinni. Enda var miðjan skipuð Diego, Christian Poulsen og Felipe Melo sem allir voru flopp. Liðið tapaði 19 leikjum þetta árið enda var það stokkað upp í kjölfarið.

Mario Götze

Skoraði sigurmarkið á HM 2014 og auðvitað kom FC Bayern bankandi á dyrnar. En Götze var bara ekki nógu góður til að spila fyrir stórlið Bayern og hann var lítið áberandi. Byrjaði líka á því að vera í Nike-bol við kynningu sína hjá FC Bayern, nokkuð sem fór ekki vel í neinn hjá félaginu enda hafa Adidas og FC Bayern haldist í hendur ansi lengi.

Bebe

Rauðliðar í Manchester borg komu heiminum á óvart þegar Bebe birtist árið 2010. Sumir segja að félagið hafi borgað 7,4 milljónir punda fyrir kappann en aðrir segja að það hafi verið meira. Allavega þá var þetta mjög skrýtin kaup sem enginn skilur.

Denilson

Real Betis gerði hann að dýrasta knattspyrnumanni heims eftir HM 1998 þar sem hann þótti ansi skemmtilegur á velli. Á sínum sjö árum skoraði hann 13 mörk fyrir félagið.

Fólk

Lífsstíll

MÁNUDAGUR 29. JÚLÍ 2019

Anna vill bjóða fólki ódýran aðgang að verkfærum og stofnaði eins konar bókasafn með verkfærum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Anna Carolina er með dýrt áhugamál

Verkfærasafn Reykjavíkur eða Reykjavík Tool Library var opnað fyrir tæpu ári. Safnið lánar meðlimum ýmis verkfæri. Anna Carolina Worthington De Matos, stofnandi safnsins, fékk hugmyndina frá Toronto. →2

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og itarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Framhald af forsíðu

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Markmiðið með verkfærasafninu er að veita fólki aðgang að hlutum sem það þarf kannski að nota einstöku sinnum en ekki nógu oft til að það sé að eyða miklum pening í að kaupa," segir Anna.

Eins og er eru um 580 verkfæri til útláns á safninu og þeim fjölgar stöðugt. „Við fáum helling af verkfærum gefins en svo kaupi ég líka eitthvað. Ég fer oft í Góða hirðinn eða hef samband við Sorpu til að finna það sem fólk biður um en ég hef það fyrir reglu að ef óskað er eftir ákveðnu verkfæri þrisvar, þá kaupi ég það. Fólk grínast stundum með að ég sé með mjög dýrt áhugamál. Ég er alltaf að kaupa rándýr verkfæri fyrir aðra. En ef spurt er þrisvar um einhvern hlut þá hlýtur að vera þörf fyrir hann," segir Anna og hlær.

Verkfærasafnið virkar eins og bókasafn að því leyti að fólk borgar árgjald til að gerast meðlimur og getur þá fengið verkfæri að láni frá safninu. Anna segir að hægt sé að hafa tvenns konar aðild að safninu. „Þú getur borgað 5.000 krónur í árgjald og tekið út allt að fimm verkfæri í einu og haft þau að láni í þrjá daga sem síðan má framlengja á opnunartíma safnsins. Sú aðild hentar kannski þeim sem þurfa að setja upp hillur hjá sér eða annað smálegt. Svo er hægt að borga 8.000 krónur á ári. Þá er hægt að fá ótakmarkað magn af verkfærum í láni í sjö daga og hægt að framlengja lánið á hvaða tíma sem er, með minnst sólarhringsfyrirvara. Dýrari aðildin hentar til dæmis þeim sem eru í stórframkvæmdum eins og að endurnýja eldhúsið hjá sér."

Anna segir að opnunartími safnsins sé á kvöldin og um helgar til að fólk sem er í vinnu eigi auðveldara með að nýta sér þjónustu þess. „Ég bjó í London í tíu ár og ég sakna þess helst þaðan að hafa alls kyns svona þjónustu opna á kvöldin."

